



Stekkjaskóli, 22. apríl 2022

Gleðilegt sumar kæru foreldrar og forráðamenn

Í eftirfarandi bréfi eru upplýsingar um Þemadaga sem hefjast í næstu viku og upplýsingar um myndatöku í skólanum þann 10. maí.

Þemadagar í Stekkjaskóla 26. - 28. apríl

Í næstu viku verða þemadagar hjá okkur í Stekkjaskóla. Fyrirkomulag þeirra verður þannig að nemendur hefja daginn í sinni heimastofu með umsjónarkennurum. Umsjónarkennarar sjá um að raða þeim í aldursblandaða hópa sem fara á milli stöðva. Þau vinna í hópum um fram að mat en enda daginn í sinni heimastofu.

Þemað okkar tengist þeim áherslum sem við höfum verið að vinna með í þróunarverkefninu okkar *Stekkur til framtíðar* en þau eru:

- Skapandi skólastarf og fjölbreyttir kennsluhættir
- Jákvæður skólabragur
- Tækni og nýsköpun
- Umhverfismál og útikennsla

Stöðvarnar verða sex og fara allir hóparnir í gegnum þær allar:

- Stöð 1 – Rattleikur: Farið verður í rattleik þar sem reynir á lausnaleit og samvinnu þátttakenda. Ef tími gefst til þá verður farið í að týna rusl í nágrenninu og farið yfir hvernig á að flokka það.
- Stöð 2 - Sköpun listaverks. Unnið verður listaverk úr timbri sem okkur hefur verið gefið. Lokaútkoman mun verða fjölnota þrívíddarlistarverk sem mun prýða skólann okkar.
- Stöð 3 - Nærumhverfið kannað: Farið verður í gönguferð sem endar með tónleikum á pallinum hjá Guðnýju Láru tónmenntarkennara þar sem spilað verður á Ukulele.
- Stöð 4 - Listsköpun: Unnið verður með efni sem okkur hefur verið gefið og nemendur fá m.a. að spreyta sig á að þæfa ull.
- Stöð 5 – Umhverfismennt: Nemendur fá að gróðursetja fræ og skreyta pottana sem eru dósir sem starfsmenn hafa safnað í vetur.
- Stöð 6 - Tækni og nýsköpun: Unnin verða verkefni sem reyna á tæknikunnáttu og nýsköpun.

Foreldrum er boðið að koma og ganga á milli stöðva fimmtudaginn 28. apríl frá kl. 8:45 – 11:00. Nemendur fara í nesti og frímínútur frá kl. 9:30-10:10 og byrja á nýrri stöð kl. 10:20. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta.

Myndataka í Stekkjaskóla þann 10. maí

Þann 10. maí n.k. verður myndataka í Stekkjaskóla. Teknar verða árgangamyndir af 1. og 4. bekk og einstaklingsmyndir af þeim sem vilja. Einnig ætlum við að fá hópmynd af öllum nemendum skólans ásamt starfsmönnum, til minningar um fyrsta starfsárið okkar.

Ljósmyndarinn verður Laufey Ósk Magnúsdóttir frá Stúdíó Stund.

Fyrirkomulagið er að þið pantið og greiðið fyrir myndirnar á netverslun hér:

<https://www.studiostund.com/vefverslun> og svo um leið og myndirnar verða tilbúnar koma þær í skólann.

ATH - MIKILVÆGT er að einstaklingsmyndir séu pantaðar í seinasta lagi daginn fyrir myndatöku svo öruggt sé að mynd sé tekin af barninu. Einungis þau börn sem er pantað fyrir verða mynduð sér.

Nú þegar hafa nemendur í 1. og 4. bekk fengið blað með sér heim til að samþykkja skriflega að barnið ykkar taki þátt í árgangamyndatöku. Afar mikilvægt er að þið lesið það vel og ef þið eruð samþykki að skrifa undir það og koma til kennara eða annars starfsmanns skólans fyrir myndatökuna. Ef því er ekki skilað inn er því tekið sem að samþykki liggi ekki fyrir og barnið verður ekki inn á árgangamyndinni.

Samþykkið er ekki það sama og pöntun á mynd. Hægt er að samþykkja þátttöku án þess að panta mynd.

Slóðin á pöntunarsíðuna er sem fyrr; <https://www.studiostund.com/vefverslun>

Með kveðju, stjórnendateymi Stekkjaskóla.